

14. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 1. febrúar í gegnum fjarfundarkerfið Zoom kl. 8:30.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi,
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

1. Framkvæmd kosninga

Sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga munu taka kjörskrárstofn fyrir á morgun, 2. febrúar. Kjörskrár munu liggja frammi almenningi til sýnis frá 3. febrúar og auglýsing þess efnis mun birtast í Sjónarhorni.

2. Kynningarmál

Kynningarstarf gengur vel og búið er að birta tvö myndbönd á fésbókarsíðu verkefnisins. Kynningarbæklingurinn er farinn í prentun og verður dreift á morgun, 2. febrúar.

3. Íbúafundir

Fyrirkomulag íbúafunda var rætt og hvort fyrirkomulagið ætti að vera með sama hætti á öllum fjórum fundunum. Í ljósi samkomutakmarkana mun nefndin skipta sér upp á fundi og verða um 5-6 nefndarmenn á hverjum fundi.

Kynning fyrir íbúafundina er að mestu leyti tilbúin en umræða fór fram um viðfangsefni sem mikilvægt væri að snerta á.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 9:30.